

## Carl Daniel Tulinius,

sænsk-norskur konsúll, R. St. O.,  
og

## frú Guðrún Tulinius.

Eg var kornungur, rétt 11 ára, er eg kynt-ist fyrst þeim hjónum. Eg var þá í fóstri hjá Jónasi Thorsteinsen sýslumanni, er tók mig að sér þá um vorid, er faðir minn dó, og ætlaði að fósttra mig upp, en dó sjálfur síðar sama vorid. Eg var því að eins nokkra mánuði á Eskifirði, og kom oft í hús þeirra Tulinius-hjóna, og er mér jafnan í minni, hve góð þau voru við mig, barnid, hún þó sérstaklega. Og aldrei kom eg svo gestur á á Eskifjörð, að þau hjón byðu mjer ekki að vera. Haustið 1875 rjæðst eg til þeirra heimiliskennari fyrir veturinn, og mánuði síðar rjæðst eg til árs hjá þeim verzlunar-bókari jafnframt kenslunni. Að því ári liðnu átti eg heima á Eskifirði til 1881, var ásamt Tuliniusi í hreppsnefnd öll þau ár, og nærri daglegur heimagangur í húsi þeirra, svo að eg hafði allgott færi á að þekkja þau, svo að eg get vel lýst þeim af sjálfs mins reynslu og kynningu.

Carl D. Tulinius

var fæddur 1. september 1835 í Pelworm í Slésvík; þar var faðir hans læknir. Ungur var hann settur til verzlunarnáms og snemma vors 1859 kom hann út til Íslands á Djúpavog og var þar verzlunarpjónn á annað ár við verzlun Örum og Wulff's; en þó varð hann sumarið eða haustið 1860 verzlunarstjóri sama verzlunarbúss á Eskifirði.

1859 kvæntist hann Guðrúnu, dóttir merkis-prófestsins séra Þórarins Erlendssonar á Hofi í Alftafirði, systur séra Þorsteins í Berufirði, nú í Heydölum, og Erlendar sýslumanns, er drukknaði á Ísafirði. Mjög voru þau hjón jafngöm, bæði fædd sama árið, hún 9. apríl.

1862 var T. sagt upp stöðu sinni og annar maður sendur til að taka við af honum. En hann brá sér þá til Khafnar um haustið og keypti verzlunina. Hann var félaus maður þá, en fjekk, fasteignarveð léð hjá tengdaföður sínum og öðrum manni til. Hann kom því upp um vorid sem eigandi verzlunarinnar og rak hana jafnan síðan, unz hann seldi hana Þórarni syni sínum tveim árum fyria andlát sitt.

Þeim hjónum varð 7 barna auðið og eru 4 þeirra enn á lífi: Þórarinn (Thor E. Tulinius) í Khöfn, forstjóri Thoreffjelagsins; Axel sýslum. á Eskifirði; bankastjóra-frú Axelína Petersen í Skive (Danm.), og Otto kaupmaður á Akureyri.


Carl D. Tulinius var gáfumaður mikill, og með allra-bezt mentuðu kaupmönnum þessa lands; hafði bæði fengið gott uppeldi, enda las jafnan sér til fróðleiks alla æfi. Og þess minnist ég, að mér varð það að orði í bréfi til vinar mins, meðan eg var ritstjóri á Eskifirði, að andlegt hallæri væri það, að að lifa í útkjálka-kaupstað; en sú væri eina bóttin fyrir mig, að eg hefði Tulinius til að tala við, því að hann væri svo fjölhæfur maður og vel að sjer, að jafnan var fróðleikur og skemtun við hann að ræða.

Gestrisnara heimili mun hvergi hafa til verið á Íslandi, og

það ekki fyrir höfðingja eina eða heldri menn, eins og sumstaðar brennur við. Góðgerðasemi þeirra hjóna og hjálpssemi við fátæka menn var frábær og einatt stórhöfðingleg, enda voru þau hjón samhent mjög í því sem öðru góðu.

Frú Guðrún kona hans var stórhöfðingi í lund og ein hin hjartabezta kona, er eg hef kynst. Lét hún hvervetna gott af sér leiða, þar sem hún kom nærri, og hún kom þar hvervetna nærri, sem henni þótti við þurfa. Hjúskapur þeirra var hinn ástúðlegasta, enda lifði hann hana skamma stund. Hún dó 30. ágúst 1904.

Heimilislífið hjá þeim hjónum var fyrir-



Carl Daniel Tulinius.